

# KJÖRVARI 15 Tix

**KJÖRVARI 15** er gagnsæ viðarvörn ætluð á hvers konar við, heflaðan og óheflaðan, einkum utanhúss þar sem óskað er eftir að viðaræðarnar sjáist. KJÖRVARA 15 svipar til KJÖRVARA 14 en hefur „tixótrópíst“ flæði, hann slettast síður úr penslinum og auðveldar að mála upp fyrir sig.

Í **KJÖRVARA 15** eru ljósheld litarefni bundin vatnsheldum alkýðólíum. KJÖRVARI 15 smýgur vel inn í viðinn og veitir góða vörn gegn veðrun.



KJÖRVARI 15 er ætlaður á hvers konar við, heflaðan sem óheflaðan, einkum utanhúss þar sem þess er óskað að viðaráferð sjáist.

**KJÖRVARI 15** er gagnsær og hylur ekki viðaræðarnar heldur framkallar og skýrir. Litaður KJÖRVARI 15 ver viðinn vel gegn niðurbroti af völdum sólarljóss. Ekki er ráðlegt að nota eingöngu glæran KJÖRVARA 15.

**Litir:** KJÖRVARA 15 má blanda fjölda lita í STOFN.

**Undirbúningur:** Flöturinn sem mála á, skal vera þurr (< 18% raki) og hreinn. Bestur árangur næst þegar viðurinn er meðhöndlaður nýr og stendur ekki

óvarinn utanhúss. Gráma á yfirborðinu skal fjarlægja með VIÐARSKOLA eða slípun fyrir meðhöndlun með KJÖRVARA 15.

**Efnismeðferð:** Fyrir notkun skal hræra vel upp í dósinni. KJÖRVARI 15 er gelkenndur og bestur árangur næst ef allt efnið hefur náð einsleitri áferð fyrir málun. Mála má með pensli, rúllu eða sprautu. Hugsanlegt umframmagn, sem ekki gengur inn í viðinn, skal þurrka af með klúti eftir 10–15 mín.

**Notkun:** (A) Nýr óvarinn viður: Jafnan ætti að bera 2-3 umferðir á flötinn. (B) viðhaldsmeðhöndlun: Ein til tvær umferðir með glærum KJÖRVARA 15 eða ein í lit og önnur með glærum.

**Hreinsun áhald:** Með Míneralterpentínu stax eftir notkun.

**Þynnir:** Míneralterpentína ef þörf krefur.

**Efnisnotkun:** ÓHEFLAÐUR VIÐUR: 5-8 fermetrar á lítra í umferð. HEFLAÐUR VIÐUR: 8-12 fermetrar á lítra í umferð. Breytilegt eftir gljúpleika flatar, málunaraðferð og aðstæðum.

**Þurrktími:** Snertipurrt á um 5-6 klst. við 20°C. Lengist með lægra hitastig.

**Yfirmálun:** Eftir 8-12 klst. Lengist með lægra hitastig. Full harðnar á fleiri dögum.

**Hitastig við áburð:** Hitastig flatar skal vera milli 5°C og 30°C og 5°C yfir daggarmörkum loftis.

**Eðlismassi:** Um 0,9 g/ml.

**Þurrefni:** Um 56% af massa; um 52% af rúmmáli.

**VOC-efni:** Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl.A/e 400 g/l. Þessi vara inniheldur að hámarki 380 g/l.

#### Athugasemdir:

- Forðist að bera viðarvörn á í beinu sólskini.
- Framkvæmið prufu til að tryggja að útlit uppfylli væntingar.
- Geymið í lokuðum umbúðum á þurrum og svölum stað.

